

## Ráðgjafarnefnd

### Yfirlýsing um skuldbindingu af hálfu meðlima Ráðgjafarnefndar Matvælaöryggisstofnunar Evrópu

#### INNGANGUR

Ráðgjafarnefnd (AF) Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (EFSA) er óaðskiljanlegur hluti EFSA og er nefndin aðaltengiliður milli EFSA og matvælaöryggisstofnana einstakra aðildarríkja sem starfa samkvæmt sams konar fyrirmælum og er nefndin einn fjögurra aðila sem mynda stofnunina og kveðið er á um í stofnreglugerð (ESB) nr. 178 frá 2002.

Nefndin boðar til samráðsfunda þar sem hún leiðir saman fulltrúa aðildarríkja, umsóknarlanda, framkvæmdastjórnarinnar og framkvæmdastjórn EFSA.

Frá stofnun nefndarinnar í mars 2003, hefur AF unnið að því að mynda nánari tengsl milli matvælaöryggisstofnana aðildarríkja og EFSA í því skyni að auka eins mikið og unnt er miðlun vísindalegra upplýsinga með það að leiðarljósi að vernda neytendur í Evrópu. Þetta tókst með bættu áhættumati, betri samvinnu, með því að forðast tvítekningu, með opnum boðskiptum svo og með því að leggja fram hugmyndir sem stuðla að lausn mála vegna sundurleitra vísindalegra álita, með því að finna snemma hugsanlega eða upprennandi áhættuþætti og með auknu samræmi í áhættukynningu.

Aðilar AF hafa með sér samvinnu við að koma að upplýsingum varðandi vinnuáætlun EFSA á sviðum er varða áhættumat, skipti á vísindalegum upplýsingum og uppbyggingu á tengslanetum á sviði vísinda og á sviði samskipta.

Til þess að styrkja áhrif og útbreiðslu markmiða og niðurstaðna EFSA hefur AF útnefnt tengiliði í hverju aðildarríki og komið á fót starfshóp um áhættukynningu.

AF viðurkennir kosti og mikilvægi samstarfs og sameiginlegs átaks og samtímis því viðurkennir nefndin að henni ber lagaleg skylda til að leysa störf sín af hendi samkvæmt því sem fram kemur í stofnreglugerðinni.

Árið 2006 undirrituðu meðlimir Ráðgjafarnefndarinnar Yfirlýsingu um ásetning um að bæta skipti á vísindaupplýsingum meðal meðlima sinna og EFSA.

Árið 2012 lýstu meðlimir Ráðgjafarnefndarinnar einnig yfir trausti á óhæði og verkferlum á sviði vísindalegrar ákvarðanatöku hjá EFSA og lýstu yfir skuldbindingu sinni um að styrkja stefnumótun á vísindalegum grunni.

Ráðgjafarnefndin óskar eftir því að áréttu og uppfæra þessar yfirlýsingar.

Í ljósi þess er að framan greinir og í ljósi síbreytilegra vandamála er snerta matvælaöryggi, þar sem tekið er tillit til þeirrar þarfar sem er fyrir hendi varðandi samfelldar endurbætur á starfi nefndarinnar, og í anda áframhaldandi sameiginlegs ásetnings um að vernda neytendur í Evrópu, og á sama tíma að leggja fram starf við útgáfu á alþjóðlegum skýrslum um matvæla- og fóðuröryggi, leggja meðlimir AF fram eftirfarandi Yfirlýsingu um skuldbindingu.

## YFIRLÝSING

Meðlimir AF eru sammála um að:

- I. koma fram á óháðan hátt í þágu almannaheilla
- II. styrkja sambandið milli EFSA og matvælastofnana innan aðildarríkjanna
- III. miðla upplýsingum um áhættumat sem réðgert er eða lokið er við
- IV. upplýsa tafarlaust sín á milli um áhættukynningar til almennings um mikilvæg málefni og tilkynna slíkt fyrirfram þegar hægt er
- V. miðla gögnum, þar á meðal varðandi óvissustig, sem væru gagnleg fyrir áhættumat
- VI. sameina þekkingu varðandi hugsanlega eða uppkomandi áhættuþætti er snerta matvælaöryggi
- VII. útbreiða starfsáætlanir og niðurstöður úr áhættumati EFSA
- VIII. láta í té snemmviðvörðun varðandi hugsanlegan ágreining er snertir vísindalegar álitsgerðir
- IX. vinna að því að endurskoða og leysa allan raunverulegan eða hugsanlegan ágreining varðandi vísindalegar álitsgerðir milli aðildarríkja eða milli aðildarríkja og EFSA
- X. efla yfirburði á sviði vísinda og tengslamyndun á vísindasviði
- XI. stuðla að virkri þátttöku innlendra stofnana til stuðnings hlutverks EFSA eins og stefnt er að í 36. grein stofnreglugerðarinnar
- XII. tryggja samhengi í nálgun af hálfu aðildarríkja og EFSA að því er varðar boðskipti á sviði vísinda og áhættumats
- XIII. leggja eitthvað að mörkum gagnvart stefnu ESB á sviði áhættumats
- XIV. finna tækifæri varðandi styrkveitingar og útboð til að bæta áhættumat um alla Evrópu
- XV. efla framtak á sviði símenntunar sem getur styrkt getuna til sinna áhættumati og áhættukynningu í aðildarríkjunum
- XVI. styðja alþjóðlega samvinnu til að bæta matvælaöryggi og áhættukynningu
- XVII. skilgreina svið þar sem þörf er á rannsóknum á matvælaöryggi og þar sem tækifæri eru til samstarfs
- XVIII. veita framkvæmdastjóranum ráðgjöf varðandi starfsáætlanir EFSA og rannsóknáþarfir

XIX. styðja við stefnu og samþættingu meginmarkmiða EFSA og aðildarríkjanna til þess að geta tekist á við þær áskoranir sem koma upp á sviði matvælaöryggis og fóðuröryggis í öllum myndum

undirritað af

Meðlimum Ráðgjafarnefndarinnar

Framkvæmdastjóra EFSA

Að viðstöddum

Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins

Umsóknarlönd ESB